

## Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 15. júní 2023 kl. 12:00 í húsnæði Almannaheilla,  
Urriðaholtsstræti 14, 210 Garðabæ.

---

*Mætt: Anna Margrét Hrólfsdóttir, Guðrún Helga Harðardóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Tryggvi Axelsson, Tómas Torfason,  
Forföll: Ásdís Eva Hannesdóttir, Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ragnhildur Freysteinsdóttir,  
Sigríður Sólan, Una Sveinsdóttir og Viðar Eggertsson.*

---

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn.

### 2. Skipting verka innan stjórnar

Formaður: Tómas Torfason, valinn á aðalfundi

Varaformaður: Hildur Helga Gísladóttir

Ritari: Guðrún Helga Harðardóttir

Gjaldkeri: Ingveldur Jónsdóttir

### 3. Væntingar til starfsársins

Gott samtal um áherslur fyrir starfsárið. Boltinn fór á milli fundarfólks og allir lögðu orð í belg. Stjórnarfolk nokkuð sammála um áherslur o.fl. sem mun á næstu mánuðum speglast í markmiðum og verkefnalista stjórnar (sjá lið 4.b).

### 4. Stjórnarstörf

#### a) Starfshættir stjórnar

Ráðgert að fundir stjórnar verði mánaðarlega. Boðið verði upp á að tengjast fundunum með Teams. Dagsetning og tími fundanna sé ákveðinn fyrir misserið. Hugsanlega höldum við stjórnarfundum í húsnæði þeirra samtaka sem stjórnarmenn starfa fyrir. Tilgreina þarf nefndir og vinnuhópa.

#### b) Markmið og verkefnalisti stjórnar

Tómas kynnti að það hafi reynst vel að gera einfaldan gátlista (verkefnalista) yfir þau mál eða verkefni sem stjórnin vill vinna að, þoka áfram eða leiða til lykta á starfsárinu. Að stjórnarfolk skipti með sér að leiða einstök mál eða verkefni. Ákveða þarf aðalfund 2024 tímanlega.

- c) Starfsáætlun og nefndarstörf  
Fært til næsta stjórnarfundar.

**5. Önnur mál**

- Aðalfundur fól stjórn að fullmanna varastjórn félagsins.  
Bent var á ójafnt kynjahlutfall, því væri æskilegt að fá karlmann. Tómas er með mann í huga sem hann ætlar að athuga.
- U3A með aðstöðu í húsnæði Almannaheilla  
Tómas kynnti að hann hefði framlengt til áramóta samkomulag við U3A sem hafa nýtt aðstöðu Almannaheilla í Urriðaholtsstræti 14 fyrir félagsfundi.

**6. Næsti fundur**

Næsti stjórnarfundur verður fimmtudaginn 24. ágúst, kl. 12:00.

**7. Fundi slitið**

Fundi slitið kl. 13:35